





# SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

## VELKOMIN Í VOGA



- ÞÚ ERT HÉR / YOU ARE HERE
- ÞJÓNUSTUBYGGING / SERVICE BUILDING
- LÖGREGLA / POLICE
- PÓSTHÚS / POST OFFICE
- BANKI / BANK
- MATVÖRUBÚÐ / GROCERY STORE
- BENSÍNSTÖÐ / GAS STATION
- SÖLUSKÁLI / SMALL SHOP
- ÁNINGARSTAÐUR / PICNIC AREA
- ATHYGLISVERÐUR STAÐUR / PLACE OF INTEREST
- GISTING / ACCOMMODATION
- ÍÞRÓTTAÐÚS / SPORT FACILITIES
- ÍÞRÓTTASVÆÐI / SPORTS AREA
- SUNDLAUG / SWIMMING POOL
- HESTHÚS / STABLES
- SKEIÐVÖLLUR / RACE COURSE
- GOLFVÖLLUR / GOLF COURSE
- FISKELDI / FISH FARM
- BÓKASAFN / LIBRARY
- SAMKOMUSALUR / ASSEMBLY HALL
- KIRKJA / CHURCH
- KIRKJUGARÐUR / GRAVEYARD
- VITI / LIGHTHOUSE
- GÖNGUSTÍGUR / PATHWAY
- GÖNGULEIÐ / ÞJÓÐLEIÐ / HIKING TRAILS
- REIÐSTÍGUR / BRIDLE PATH

Sveitarfélagið Vogar tengir höfuðborgarsvæðið við Suðurnesin. Strandlengjan í sveitarfélaginu er um 30 km löng frá Vogastapa að Hvassahrauni. Vatnsleysustrandavegur er um 12 km langur og tívalinn fyrir þá sem velja minni og hægari umferð en á Reykjanesbraut. Í sveitarfélaginu búa um 1.200 manns. Nær alls sveitarfélagið liggur á bránnasskjaldarhrauni, sem rann í lok Ísaldar fyrir um 10000 árum.

Vogar eru fallegur og vinalegur bær við Vogavík í Stakskfirði. Sunnan við Voga er Vogastapi og norðan við er Vatnsleysuströnd. Í Vogum er ýmis þjónusta, gisting, sundmiðstöð og verslun. Í bænum eru fallegir hólur, tjarnir og töluvert fuglalíf. Vogastapi, Vogatjörn, Aragerði, fjaran og listaverk Erlings Jónssonar: Íslands Hrafnistumenn er meðal þess sem ferðamönnum er ráðlagt að skoða. Aðgengileg útlivastarsvæði eru Háibjalli og Snorrastöðgarinn. Aftirmúllif er einkum matvælaframleiðsla, iðnaður og þjónusta. Íbúar sækja vinnu víða enda stutt til nágrennasveitarfélaga, um 25 km til Hafnarfjarðar og 14 km til Reykjanesbæjar.

Vatnsleysuströnd er dreifbýli sveitarfélagsins. Nafnið mun vera tilkomið vegna þess hve mikið vatn leysir undan hrauni og sést það víða renna fram í fjörum, svokölluð föruvötn. Byggingin er öll með ströndinni og var öldum saman þéttari en víðast hvar á landinu. Arabátutgerð var frá hverju býli og á vetrarvertíð voru vermenn úr söðrum sveitum til viðbótar við heimamenn. Auk útræðis var stundaður búskapur og höfðu bændur féð í seljum á sumrin. Barnaskóli var í Bunnastadahlverfi frá 1872 þar til hann var fluttur í Voga 1979. Kálftatjörn er forn kirkjustaður og býli. Þar er kirkja sveitarfélagsins, byggð 1893 og er hún fríðuð. Þar er einnig 9 hólur gothvöllur. Á Vatnsleysuströnd er gríðarmikið af fornminjum, ekki síst rústir verðuga og annarra mannvirka sem tengjast útgerð og í heiðinni eru setlóftir og forn, fríðlest fjarborg, Staðarborg, 2 km frá Kálftatjörn.

